

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 131/2013 um vottun og viðurkenningu vottunaraðila í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

#### 1. gr.

Við 8. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2067 frá 19. desember 2018 um sannprófun á gögnum og um faggildingu sannprófenda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB, sem vísað er til í tl. 21apk, III. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 320/2019, þann 13. desember 2019, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, XX. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 5 frá 30. janúar 2020, bls. 537-577.

#### 2. gr.

##### *Innleiðing.*

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2067 frá 19. desember 2018 um sannprófun á gögnum og um faggildingu sannprófenda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB.

#### 3. gr.

##### *Lagastöð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stöð í 26. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 24/2006 um faggildingu o.fl.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 28. maí 2020.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Auður Arnardóttir.*